

Fundur haldinn í Skólaráði 26. september 2018

Fundinn sátu Arna Björk Þórðardóttir fulltrúi foreldra, Áslaug Eiríksdóttir fulltrúi foreldra, Brynja Rut Sigurðardóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins, Magnea Einarsdóttir skólastjóri, Katrín Dagmar Jónsdóttir fulltrúi kennara og Maríanna Guðbergsdóttir fulltrúi almennra starfsmanna.

Farið var yfir dagskrá vetrar og hún samþykkt.

Mánuður	Verkefni
26. september Kl. 16:00	Starfsreglur skólaráðs Skipulag funda / verkefnalisti skólaráðs Framkvæmdir og áætlana fyrir skólaárið. Matsskýrslur / umbótaáætlun.
24. október	Samráðsfundur bekkjarfulltrúa og umsjónarkennara
16. nóvember Kl. 08:15	Fundur skólaráðs með nemendaráði
10. desember Kl. 16:00	Jólafundur
19. janúar Kl. 08:15	Skólalæping / Foreldrafundur skólaráðs
26. febrúar Kl. 08:15	Skólanámskrá Gengið um skólann og skoðað hvað er í lagi og hvað þarf að bæta
23. mars Kl. 08:15	Skóladagatal
18. maí Kl. 08:15	Áætlanir næsta skólaárs
júní	Uppgjör

Skýrslan um ytra matið sem framkvæmt var í skólanum í vor var rædd og einnig kennsluhættir 21. aldarinnar. Í umbótaráætlun fyrir skólaárið kemur fram að kennarar muni kynna sér þá, fá leiðsögn og fara í heimsókn í skóla þar sem þessir kennsluhættir eru viðhafðir.

Allir fundarmenn höfðu fengið starfsáætlun fyrir skólaárið 2018-2019 afhenta og samþykktu fundarmenn hana.

Síðan voru almennar umræður um skólalóðina, ánægja með framkvæmdir, en ýmislegt virðist ólokið ennþá. Magnea ætlar að funda með Friðriki Baldurssyni garðyrkjustjóra og fá upplýsingar um stöðuna.

Mikið er um rúðubrot og rusl á lóða Furugrundar 3, sem gætu valdið slysum á nemendum okkar, Magnea ætlar að semja bréf til bæjaryfirvalda fyrir hönd skólaráðs og biðja um að lóðin verði hreinsuð.

Anna Mjöll Sigurðardóttir ritari